

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

1. gr.

11. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

11. gr.

*Grunnfjárhæð.*

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 207.709 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 332.334 kr. (207.709 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 175.006 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 103.854 kr. (207.709 : 2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsþá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 175.006 kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta, húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárpörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

A-liður 16. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum.

Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri.

Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamálíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 16.671 kr. á mánuði.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Jafnframt er heimilt að veita sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalda þann 1. desember ári hverju. Um er að ræða 16.671 kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Leitast ber við að kenna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Nr. 43

10. janúar 2020

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 9. janúar 2020, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, eru ívlnandi og tóku gildi 1. janúar 2020.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 10. janúar 2020.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2020